

Leiðbeiningar fyrir höfunda fræðigreina

Tannlæknaþið birtir vísindalegar greinar um öll svið tannlæknisfræðinnar, hvort sem þær byggjast á athugunum og rannsóknum greinarhöfunda sjálfra eða samantekt á reynslu annarra. Þaðið birtir auk þess efni er varðar málefni TFÍ og hvert það efni annað sem tengist hagsmuna- og áhugamálum tannlækna. Tannlæknaþið tekur við greinum til mats fyrir birtingu enda þótt efni þeirra hafi verið birt eða hafi verið sent til birtingar í öðrum tímaritum á öðru tungumáli en íslensku, sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

1. Ritstjórum beggja tímarita sé gerð full grein fyrir tvíbirtingu og ástæðum hennar; ritstjórn þess tímarits sem seinna birtir niðurstöður rannsóknarinnar fái í hendur afrit fyrir greinar.
2. Að minnsta kosti tvær vikur líði frá fyrri birtingu til hinnar seinni.
3. Önnur greinin sé ekki einföld þýðing hinnar á annað tungumál, heldur sé beint að öðrum lesendahópi; oft nægir að önnur greinin sé styttri útgáfa hinnar.
4. Fram komi neðanmáls á titilsíðu seinni greinar að niðurstöður hafi birst áður, til dæmis: „Grein þessi er byggð á niðurstöðum rannsóknar sem fyrst birtist í (nafn tímarits, með fullri tilvitnun)“.

Efni sem óskast birt skal senda ritstjórn Tannlæknaþsins, Síðumúla 35, 108 Reykjavík, netfang: ritstjorn@tanski.is

Þær vinnureglur sem hér fylgja eiga einkum við um greinar sem óskast stjörnumerktar. Slíkar greinar skulu að öllu jöfnu byggjast á eigin rannsóknum greinarhöfunda sjálfra (original articles). Greinar sem byggjast á samantekt á reynslu annarra (review articles) verða metnar hverju sinni.

Undanfarin ár hafa stjörnumerktar greinar sem birtar hafa verið í Tannlæknaþinu ekki fengist indexaðar og færðar inn í Pub-Med. Þeir sem þar ráða hafa nánast algjörlega tekið fyrir að slíkt sé gjörlegt nema blöðin séu rituð á enska tungu. Ekkert af tannlæknaþöðunum á hinum Norðurlöndunum hefur fengið að haldast þar inni og í raun einungis þrjú tannlæknaþöð sem ekki eru með ensku sem aðalmál. Þykir ritstjórn þetta miður en lítið við þessu að gera. Nú er Tannlæknaþið eina íslenska fagblaðið um tannlækningar og vill ritstjórn eindregið mælast til þess við vísindamenn í stéttinni að þeir hætti ekki að skrifa í blaðið. Þaðið mun áfram birta stjörnumerktar greinar, enda verða þær hér eftir sem hingað til vel ritrýndar. Ef sá gluggi opnast aftur að fá þessar greinar indexaðar á nýjan leik þá munum við að sjálfsögðu ganga í það verkefni. Þess vegna vill ritstjórn á engan hátt minnka kröfurnar til stjörnumerktara greinar en þeirra verður framvegis getið á þann hátt sem hafður er á á hinum Norðurlöndunum. Viðurkenningin „stjörnumerkt grein“ mun því frá og með tölublaði árg. 25 vera skilgreind sem: „Þessi grein hefur farið í gegnum og staðist faglegra ritrýni“

Allar fræðilegar greinar eru sendar í ritrýni utan ritstjórnar. Ritrýnir fær grein án þess að fram komi hverjir höfundar eru, frá hvaða stofnun greinin komi eða hverjum sé þakkað, í þeim tilvikum sem slíkt er gert. Á sama hátt fær höfundur ekki að vita hver ritrýnir.

Höfundar fá sent pdf-skjal með grein umbrotinni og skulu þeir lesa próförk og leiðrétt sé þess þörf. Höfundar skulu bera saman handrit og próförk og ganga úr skugga um að efnið sé rétt upp sett, að villur hafi verið leiðréttar og nýjar hafi ekki slæðst inn. Afar mikilvægt er að höfundar fari vandlega yfir myndefni með greinum sínum, lesi dálka í töflum og myndatexta og hugi að staðsetningu mynda.

Höfundar

Höfundar að grein skulu einungis vera þeir sem verulega hafa lagt af mörkum við tilurð greinarinnar. Er þar fyrst og fremst átt við:

1. Grunnhugmynd, hönnun og skipulagningu rannsóknar/túlkun og framsetningu niðurstaðna.
2. Verulegt framlag til eða meginábyrgð á gagnasöfnun eða rannsóknarvinnu.
3. Ritun uppkasts að handriti eða gagnrýnin yfirferð handrits með tilliti til vitræns og vísindalegs innihalds.

Yfirmenn deildar eða rannsóknarstofu sem að öðru leyti koma ekki að rannsóknarvinnunni, fjárhagslegir styrktaraðilar og þeir sem einungis taka lýtinn þátt í vinnunni ættu ekki að teljast höfundar greinar. Þeim má hins vegar færa þakki í lok handrits. Sérhver höfundur á að hafa tekið nægan þátt í vinnu þeirri sem að baki greinar liggur til að geta borið ábyrgð á öllu efni hennar og rætt það opinberlega.

Málfar

Greinar skuli vera á góðri íslensku og skal íslenska öll erlend orð og heiti verði því við komið. Sé íslenska heitið ekki vel þekkt er alþjóðlega heitið sett í sviga á eftir. Þetta skal gert í útdrætti komi heitið fyrir þar og síðan aftur í fyrsta skipti er heitið kemur fyrir í megintexta. Ef ekki er til gott íslenskt heiti er alþjóðaheitið (latneskt eða enskt) notað og skrifað með skáletri. Hugtök sem ekki verða íslenskuð með góðu móti skulu skilgreind í stuttu máli og alþjóðaheitið síðan sett í sviga aftan við skilgreininguna.

Í megintexta eru *skammstafanir* ekki notaðar. Þannig skal skrifa *að minnsta kosti* en ekki *a.m.k.* Undantekningar eru viðurkenndar fræðilegar skammstafanir, en þá skal óstytt heiti ávallt standa á undan skammstöfun þegar hún er notuð í fyrsta sinn í textanum.

Tölustafir undir 10 eru skrifaðir út í megintexta þegar rætt er um fjölda, til dæmis fimm börn, þrjár rannsóknir. Komma afmarkar brot í íslensku (0,4) en punktur á ensku (0.4).

Frágangur greina

Kröfur um frágang eru í samræmi við Vancouverkerfið og er höfundum vísað á reglur International Committee of Medical Journal Editors: www.icmje.org

Titilsíða

Á titilsíðu skal vera:

1. Heiti greinar, skýrt og lýsandi (hámark 100 slög).
2. Nöfn og sérgrein/menntunargráða höfunda.
3. Aðsetur (deild, stofnun) höfunda.
4. Nafn deildar/stofnunar þar sem rannsóknin var unnin ef hún er önnur en aðsetur höfunda(r).
5. Nafn, aðsetur og netfang höfundar sem annast fyrirspurnir og bréfaskipti.
6. Tvö til fjögur lykilorð á íslensku og ensku.

Útdráttur

Útdrætti skal skila bæði á íslensku og ensku. Enski útdrátturinn má en þarf ekki að vera bein þýðing þess íslenska. Honum á að fylgja titill á ensku og nöfn höfunda. Útdrætti skal skipt í eftirfarandi kafla:

1. Tilgangur (objective).
2. Efniviður og aðferðir (material and methods).
3. Niðurstöður (results).
4. Ályktun (conclusion).

Inngangur

Greint skal frá tilgangi og meginforsendum rannsóknar. Einungis skal vitnað til helstu (og fárra) greina sem að þeim lúta. Ekki skal reynt að skrifa ítarlegt yfirlit um efnið. Niðurstöður og umræður um þær eiga ekki heima hér.

Efniviður og aðferðir

Lýsa ber efniviði (sjúklingum, efnum og svo framvegis, þar á meðal viðmiðunarhópum) skilmerkilega. Lýsa ber aðferðum, tækjabúnaði (nafn framleiðanda og heimilisfang (borg, land) í sviga) og aðgerðum í nægilegum smáatriðum til að aðrir geti endurtekið rannsóknina. Vísa ber til heimilda um algengar og vel þekktar aðferðir, lýsa stuttlega aðferðum sem hafa verið birtar en eru ekki vel kunnar, lýsa nánar nýjum

eða mjög breyttum aðferðum, tilgreina ástæðu þess að þeim var beitt og meta kosti þeirra og galla (náemi, sértæki og svo framvegis).

Þegar lýst er niðurstöðum sem fengnar eru við athuganir á mönnum skal þess getið hvort rannsóknin var gerð með samþykki yfirmanns stofnunar, Persónuverndar og siðanefndar (hvort sem nefndin er á vegum stofnunar, fagfélags eða opinberra aðila). Einnig skal þess getið hvort hún var gerð í samræmi við ákvæði Helsinkiyfirlýsingarinnar frá 1975 (endurskoðuð 1983). Ekki skal nota nöfn fólks, upphafsstafi, fæðingardag eða sjúkraskrárnúmer, einkum skal þess gætt á myndum (röntgenmyndum og þess háttar).

Lýsa skal stuttlega þeim aðferðum sem notaðar voru við staðtölulega úrvinnslu með tilvitnun í aðgengileg rit og geta tölvuforrita sem notuð voru. Gæta skal nákvæmni eins og unnt er og greina tölulegar upplýsingar með mæliskekkju eða óvissu til dæmis staðalfráviki eða vikiðmörkum (confidence limits) þegar slíkt er hægt.

Niðurstöður

Lýsa ber niðurstöðum í rökrænni röð í texta, töflum og myndum. Forðast skal að endurtaka allar upplýsingar í töflum og myndum í texta, einungis skal leggja áherslu á meginatriði. Ekki skal greina frá sömu upplýsingum bæði í töflu og á mynd.

Umræða

Leggja ber áherslu á niðurstöður rannsóknarinnar sjálfar, hvað af henni megi læra, hvað sé nýtt og mikilvægt í niðurstöðunum. Ekki skal reynt að skrifa yfirlitsgrein um efnið í heild, slíkt á ekki heima í greinum sem birta rannsóknarniðurstöður. Hins vegar skal leggja áherslu á tengsl niðurstaðnanna við skyldar rannsóknir, gildi þeirra og takmarkanir og mikilvægi fyrir ítarlegri rannsóknir. Forðast ber vangaveltur sem ekki eru studdar af niðurstöðunum eða úr samhengi við þær. Ráðleggingar sem byggja á niðurstöðum rannsóknarinnar, um greiningu vandamála og meðferð eru hins vegar sjálfsagðar.

Þakkir

Þakka skal samstarfsaðilum sem lagt hafa hönd á plóginn við framkvæmd og úrvinnslu en ekki nægilega til að réttlæta sæti meðhöfundar (sjá að ofan). Hér má nefna þá sem hafa veitt ýmsa tæknilega aðstoð, aðstoðað við hluta gagnasöfnunar, veitt ráð um staðtölulega útreikninga og svo framvegis. Ennfremur er rétt að þakka þeim sem hafa greitt götu höfunda, til dæmis yfirmanni deildar, þeim er veita aðgang að tækjabúnaði í þeirra umsjá og fleira. Yfirleitt er ekki ástæða til að þakka aðkeypta aðstoð sem greitt er fyrir fullu verði. Síðast en ekki síst ber að geta allra styrkveitinga til rannsóknarinnar og þakka fyrir þær.

Heimildir

Heimildum skal skila á sérstöku blaði aftan við greinina og tölusetja í sömu röð og þær koma fyrst fyrir í texta. Eru tilvitnanir auðkenndar með tölustöfum, t.d.: Nýjar rannsóknir sýna (1,2)... en ekki t.d.: Nýjar rannsóknir sýna (Fossberg 1988, Jóhannsson 1986)...

Forðast skal eftir megni að nota útdrætti úr greinum sem heimildir. „Óbirtar rannsóknir“, „persónulegar upplýsingar“ og greinar sem hefur verið hafnað má ekki nota sem heimildir, hins vegar má vitna í skriflegar – ekki munnlegar – upplýsingar (written communications) og eru slíkar tilvitnanir þá hafðar innan sviga í sjálfum textanum (en ekki í heimildaskránni). Hér á eftir fara nokkur dæmi um rétta uppsetningu tilvitnana. Stuðst er við reglur sem „US National Library og Medicine“ notar í Index Medicus. Nöfn tímarita skal stytta í samræmi við „List of the Journals Indexed“, sem birtur er árlega í janúarhefti Index Medicus.

Dæmi um heimildir

Venjuleg tímaritsgrein: Tilgreinið alla höfunda séu þeir sex eða færri. Séu þeir sjö eða fleiri skal aðeins tilgreina þrjá og bæta við orðunum et al.

Malts M, Zickert I. Effect of penicillin on Streptococcus mutans, Streptococcus sanguis and lactobacilli in hamsters and in man. Scand J. Dent Res; 1982; 90: 193-9.

Séu höfundar nefnd, félag eða stofnun (corporate author):

WHO Collaborating Centre for Oral precancerous Lesions. Definition of leukoplakia and related lesions: an aid to studies on oral precancer. Oral Sug 1978; 46: 518-39.

Bækur og önnur rit:

Prader F. Diagnose and Therapie des infizierte Wurzelkanales. Basel: Benno Schwabe, 1949: 123.

Magnússon ÞE. Maturation and malocclusion in Iceland. A thesis. University of Iceland, 1979.

Bókarkafli:

Brandtzaeg P. Immunoglobulin systems of oral mucosa saliva. In: Dolby AD, ed, Oral mucosa in health and disease. London: Blackwell, 1975: 137-214. Farið er eins með tilvitnanir í íslenska höfunda og erlenda og skal að öllu jöfnu halda séríslenskum stöfum (Þ,Æ,Á o.s.frv.) nema hefð sé komin á annað.

Greinarhöfundum er bent á að halda fjölda tilvitnana innan skynsamlegra marka og í samræmi við umfang og efni greinarinnar